

Samræmd móttaka flóttafólks

Aldrei hafa jafnmargir einstaklingar og nú verið á flótta vegna stríðsátaka og ofsókna í heiminum frá því að seinni heimsstyrjöldinni lauk. Umsækjendum um alþjóðlega vernd á Íslandi hefur fjölgað verulega og að sama skapi eru fleiri sem fá slíka vernd. Frá árinu 2014 hefur einstaklingum sem fá alþjóðlega vernd, dvalarleyfi af mannúðarástæðum eða dvalarleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar fjölgað hratt. Á árunum 2019-2022 hefur nokkur fjöldi flóttafólks flutt í Garðabæ. Meirihluti þeirra hefur leitað eftir og verið veitt félagsleg þjónusta frá sveitarfélaginu. Í hópnum eru mörg börn.

Í maí 2014 gaf velferðarráðuneytið út *leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um móttökupjónustu og aðstoð við félagslega þátttöku flóttafólks* og eru þær enn í gildi. Reglunum er ætlað að leiðbeina sveitarfélögum um góða starfshætti í þjónustu við flóttafólk með von um að styrkja farsæla búsetu í sveitarfélaginu og félagslega þátttöku. Í ágúst sl. kynnti Samband íslenskra sveitarfélaga ramma að þjónustusamningi um samræmda móttöku flóttafólks milli ríkis og sveitarfélaga. Samningurinn felur í sér umtalsverðar og umfangsmiklar skyldur sem lagðar eru á herðar sveitarfélaga og mælir fyrir um ákveðið endurgjald fyrir hluta þeirrar þjónustu. Til að geta tekið upplýsta ákvörðun fyrir sveitarfélagið þykir rétt að varpa ljósi á nokkra liði í því samhengi. Í fyrsta lagi er mat lagt á umfang þeirrar þjónustu sem flóttafólk þarfnast, bæði almenna félagsþjónustu sem öllum íbúum sveitarfélagsins stendur til boða og umfrámþjónustu sem staða þeirra sem flóttafólk kallar á. Í öðru lagi þjónustu leik- og grunnskóla við flóttabörn. Í þriðja hluta er farið yfir hvernig ríkið er nú þegar að mæta þeim fjárhagslegu byrðum sem móttaka flóttafólks felur í sér og í fjórða og síðasta hluta eru sjónarmið um ávinning og áskoranir samnings um samræmda móttöku reifuð.

1. Umfangsmat á veitingu félagsþjónustu við flóttafólk

Sveitarfélagið ber margþættar skyldur samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, þ. á m. að veita einstaklingum og fjölskyldum *félagslega ráðgjöf*; að veita einstaklingum, sem ekki geta séð fyrir sér og sínum, *fjárhagslega aðstoð*; að sjá til þess að veita þeim fjölskyldum og einstaklingum, sem lögheimili eiga í Garðabæ og ekki eru færir um það sjálfir, *úrlausn í húsnæðismálum* til að leysa úr bráðum vanda á meðan unnið er að varanlegri lausn; að sjá um *stuðningsþjónustu* til handa þeim sem búa á eigin heimilum og þurfa aðstoð vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags, veikinda eða fötlunar; og að veita *sérstakan húsnæðisstuðning* í því skyni að lækka greiðslubyrði vegna húsnæðiskostnaðar hjá þeim sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði eða eru með íþyngjandi húsnæðiskostnað sökum lágra tekna/lítilla eigna.

1.1 Félagsleg ráðgjöf

Markmið félagslegrar ráðgjafar er að veita upplýsingar og leiðbeiningar um félagsleg réttindamál annars vegar og stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda hins vegar. Félagsleg ráðgjöf á fjölskyldusviði Garðabæjar hefur það að leiðarljósi að virkja og styrkja einstaklinginn í sínu lífi, fyrirbyggja frekari vanda og styðja hann við að verða virkur og ábyrgur þátttakandi í samfélaginu. Hún tekur m.a. til ráðgjafar vegna tímabundinna og varanlegra erfiðleika og áskorana, svo sem vegna fjárhagslegs vanda, húsnæðismála, skilnaðar, samskiptaerfiðleika, áfengis- og vímuefnaneyslu, andlegra erfiðleika, uppeldismála, ættleiðingarmála. Af þeim einstaklingum sem eru í virkri félagslegri ráðgjöf hjá Garðabæ eru 32% flóttafólk.

Miðað við lok ágústmánaðar 2022 eiga 99 flóttamenn sem fluttu í bæinn á árunum 2019-2022 lögheimili í Garðabæ. Fullorðið flóttafólk er 55 talsins. Þar af eru 52 einstaklingar í virkri félagslegri

ráðgjöf. Tveir einstaklingar bíða dvalarleyfis á grundvelli fjölskyldusameiningar og er virk ráðgjöf í þeim málum.

Flutningur í Garðabæ	Fjöldi fullorðinna enn búsettir í Garðabæ	Fjöldi í virkri ráðgjöf
2019	8	6
2020	3	2
2021	7	7
2022	37	37
Bíður dvalarleyfis v. fjölsk. sameiningar	2	2

Í Garðabæ búa nú 44 flóttabörn, þar af eru 39 börn í virkri félagslegri ráðgjöf:

Flutningur í Garðabæ	Fjöldi barna enn búsett í Garðabæ	Fjöldi í virkri ráðgjöf
2019	0	0
2020	1	1
2021	4	3
2022	38	34
Bíður dvalarleyfis v. fjölsk. sameiningar	1	1

Umframbjóðusta vegna stöðu einstaklinganna sem flóttamenn / handhafa mannúðarleyfis

Stöðu sinnar vegna þarfnast flóttafólk umfangsmeiri og sérhæfðari félagslegrar ráðgjafar en aðrir. Málavinnslan er tímafrekari, flestir þarfnast túlkabjónustu og menningarnæm nálgun er mikilvæg. Flóttafólk þarf almennt ríka fræðslu um réttindi og skyldur, reglur íslensks samfélags, hvernig grunnþjónusta hér á landi er upp byggð, s.s. félagsþjónusta, heilbrigðisþjónusta, almannatryggingarkerfið, menntakerfið auk fræðslu um jafna stöðu kynjanna, vinnumarkaðinn o.fl. Margir þarfnast valdeflingar og aukins stuðnings er þeir stíga sín fyrstu skref í nýju samfélagi og leiðsögn við uppeldi barna sinna. Flóttafólk hefur ríkar þjónustuparfir af ýmsum ástæðum, m.a. vegna áfallasögu, andlegra og líkamlegra veikinda, jaðarsetningar, stimulunar, kynbundinnar stöðu, skorts á menntun, menningarmunar, þekkingarleysi og bjargarleysi. Fræðsla og stuðningur við flóttafólk er mikilvægur m.a. þar sem einstaklingarnir eru í viðkvæmri stöðu og berskjaldaðri fyrir mansali og hagnýtingu. Af þeim 99 flóttamönnum sem búa í Garðabæ er fjöldi einstaklinga sem hafa þarfnast og þarfnast enn umfangsmikillar félagslegrar ráðgjafar af framangreindum ástæðum. Virk þátttaka flóttafólks í íslensku samfélagi er mikilvægasti þátturinn í móttöku flóttafólks og þar af leiðandi eru fræðsla, menntun og atvinnuþátttaka grunnstoðir farsællar móttöku.

Sérstaklega þarf að huga að þörfum flóttabarna en mörg þeirra hafa misst mikið úr skólagöngu og eru jafnframt einnig að kljást við erfiðleika, s.s. vegna áfallasögu, erfiðra heimilisaðstæðna, hafa orðið viðskila við foreldri eða báða foreldra í langan tíma og þurfa að byggja upp fjölskyldubönd að nýju o.fl.

1.2 Fjárhagsaðstoð

Fjárhagsaðstoð frá sveitarfélaginu getur annars vegar verið í formi almennrar fjárhagsaðstoðar, þ.e. mánaðarlegrar framfærslu, og hins vegar vegna sérstakra aðstæðna, t.a.m. niðurgreiðsla leikskólagjalda, skólamáltíða, frístundar, skólagjalda, gleraugnakaupa, tannlæknakostnaðar,

sérfræðiviðtala, tryggingar húsaleigu o.fl.). Gefa skal sérstakan gaum að fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum barnafjölskyldna og meta sérstaklega þarfir barna vegna þátttöku þeirra í þroskavænlegu félagsstarfi. Í leiðbeinandi reglum velferðarráðuneytisins fyrir sveitarfélög um móttökupjónustu og aðstoð við félagslega þátttöku flóttafólks er sérstaklega mælt með að sveitarfélög veiti flóttafólki tiltekna styrki fyrstu tvö árin eftir lögheimilisskráningu, en á þeim tíma er öll fjárhagsaðstoð endurgreidd af ríkissjóði, skv. 15. gr. félagsþjónustulaga.

Af þeim 55 fullorðnu flóttamönnum sem áttu lögheimili í Garðabæ í ágúst 2022 þáðu 24 einstaklingar almenna fjárhagsaðstoð, 22 einstaklingar fengu greiðslu sem samsvarar ígildi barnabóta. 24 einstaklingar fengu sérstaka fjárhagsaðstoð vegna barna og 4 einstaklingar fengu greidda aðra sérstaka fjárhagsaðstoð fyrir ágústmánuð. Umsóknir almennrar og sérstakrar fjárhagsaðstoðar eru aðskildar og afgreiddar í sitthvoru lagi. Umsóknir um sérstaka fjárhagsaðstoð eru gríðarlega margar í hverjum mánuði vegna fjölda flóttabarna sem búsett eru í Garðabæ og ríkri þörf flóttafólks fyrir sérfræðipjónustu.

Flutningur í Garðabæ	Fjöldi fullorðinna enn búsettir í Garðabæ	Fjöldi einstaklinga sem fékk almenna fjárhagsaðstoð í ágúst sl.	Fjöldi einstaklinga sem fékk ígildi barnabóta í ágúst sl.	Fjöldi einstaklinga sem fékk niðurgreiðslu á skólamat, leikskólagjöldum, frístund (ákvarðað mánaðarlega) í ágúst sl.	Fjöldi einstaklinga sem fékk aðra sérstaka fjárhagsaðstoð (tannlækningar, sérfræðipjónusta, leigutrygging o.fl.) í ágúst sl.
2019	8	0	0	0	0
2020	3	1	0	1	0
2021	7	4	0	1	1
2022	37	19	22	22	3

Félagsráðgjafi boðar umsækjendum reglulega í viðtöl hafi þeir sótt um fjárhagsaðstoð yfir lengri tíma. Félagsráðgjafi aðstoðar umsækjanda, eftir atvikum með gerð virkniáætlunar, við að vinna bug á vanda sínum, komast í virkni eða vinnu og styrkja sig á þeim sviðum sem þess er þörf.

1.3 Sérstakur húsnæðisstuðningur

Sérstakur húsnæðisstuðningur kemur til viðbótar almennum húsnæðisstuðningi frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og er því einungis veittur þeim sem eiga samþykktu umsókn þar. Nokkur hluti flóttafólksins er með þinglýsta leigusamninga og getur því átt rétt á sérstökum húsnæðisstuðningi. Hins vegar búa þónokkrir íbúar í ósamþykktu húsnæði, atvinnuhúsnæði, hjá vinum eða fjölskyldu eða leigusali kys að þinglýsa ekki leigusamningi og eiga einstaklingarnir því ekki rétt á sérstökum húsnæðisstuðningi frá Garðabæ.

Flutningur í Garðabæ	Fjöldi fullorðinna enn búsettir í Garðabæ	Fjöldi einstaklinga sem fékk greiddan sérstakan húsnæðisstuðning í ágúst sl.
2019	8	4
2020	3	2
2021	7	3
2022	37	16

1.4 Félagslegt húsnæði

Til að uppfylla skyldur sínar til að veita þeim fjölskyldum og einstaklingum, sem lögheimili eiga í Garðabæ og ekki eru færir um það sjálfir, úrlausn í húsnæðismálum til að leysa úr bráðum vanda á meðan unnið er að varanlegri lausn hefur Garðabær m.a. sett sér reglur um úthlutun félagslegs íbúðarhúsnæðis á vegum sveitarfélagsins. Við lok ágústmánaðar 2022 bjuggu fjórir flóttamenn í félagslegu leiguhúsnæði í eigu Garðabæjar og tveir í framleigðum íbúðum sem Garðabær hefur tekið á leigu.

1.5 Stuðnings- og stoðþjónusta

Markmið stuðningsþjónustu er að aðstoða og hæfa notendur sem þurfa aðstæðna sinna vegna á stuðningi að halda við athafnir daglegs lífs og/eða til þess að rjúfa félagslega einangrun. Stuðningsþjónusta skal m.a. stefna að því að efla viðkomandi til sjálfsbjargar. Sé stuðningsþörf vegna fötlunar meiri en svo að henni verði mætt með þjónustu eða aðstoð samkvæmt félagþjónustulögum skal stuðningur samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir koma til viðbótar og þjónustan samþætt í þágu notanda. Áður en aðstoð er veitt skal sá aðili sem fer með stuðningsþjónustu meta þörf í hverju einstöku tilviki.

Tvö flóttabörn þarfnast liðveislu. Annað barnanna nýtur nú þegar liðveislu en hitt bíður afgreiðslu umsóknar sinnar. Einn fullorðinn flóttamaður er nú í brýnni þörf fyrir liðveislu og frekara mat á eftir að fara fram á þjónustu- og stuðningsþörfum flóttafólks sem flutt hefur í Garðabæ á síðastliðnum mánuðum. Mikilvægt er styðja, efla og koma í veg fyrir eða rjúfa félagslega einangrun flóttafólks með því að virkja einstaklinga í daglegu líf og bæta þannig lífsgæði og andlega og líkamlega líðan.

1.6 Akstursþjónusta fatlaðs fólks

Fatlað fólk skal eiga kost á akstursþjónustu sem miðar að því að það geti farið allra sinna ferða með þeim hætti sem það kys og á þeim tíma sem það velur gegn viðráðanlegu gjaldi. Þrír fatlaðir flóttamenn geta ekki nýtt sér almenningsfarartæki og hafa þörf fyrir ferðaþjónustu, þ.e. tveir fullorðnir einstaklingar og eitt barn.

Flutningur í Garðabæ	Fjöldi einstaklinga sem fengu ferðaþjónustu í ágúst sl.
2019	0
2020	0
2021	1
2022	2

1.7 Málefni barna og ungmenna

Samstarf félagsþjónustunnar, grunnskóla og leikskóla bæjarins og heilsugæslunnar er umfangsmikið og lögbundið, sbr. félagsþjónustulög, lög um réttindi sjúklunga, lög um grunnskóla og lög um leikskóla. Starfsmenn félagsþjónustu Garðabæjar eiga í reglulegum samskiptum við skóla, leikskóla og heilsugæslu vegna málefna flóttabarna og sitja fundi með hlutaðeigandi aðilum vegna þeirra. Í leiðbeinandi reglum velferðarráðuneytisins um samræmda móttöku flóttafólks er mælt fyrir um að samhæfingaraðili máls hjá félagsþjónustu sveitarfélaga aðstoði við skráningu barna í viðeigandi skóla og komi á tengslum milli foreldra og skóla sem fyrst eftir leyfisveitingu, eftir atvikum og þörfum. Af þeim 44 flóttabörnum sem búa í Garðabæ, eru 9 í leikskóla, 28 í grunnskóla og 2 í framhaldsskóla.

Börnin stunda nám í leikskóla- og grunnskóladeildum Urriðaholtsskóla, Flataskóla og Barnaskóla Hjallastefnunnar, Sjálandskóla, Hofstaðaskóla, Garðaskóla, Arnarskóla, Kirkjubóli, Flensborg og Tækniskólanum. Félagsþjónustan í Garðabæ hefur aðstoðað foreldra við að skrá börnin í skóla og leikskóla, frístund, skólamat o.fl., hefur komið á tengslum milli foreldra og skóla og á í reglulegum samskiptum við skólana vegna barnanna. Fimm börn dvelja heima, þ.e. fjögur smábörn og eitt ungmenni sem stundar fjarnám frá heimaríki.

Með innleiðingu farsældarlaganna hjá Garðabæ má gera ráð fyrir aukinni þjónustu félagsþjónustunnar við flóttabörn en umfangsmiklar kröfur eru gerðar til málstjóra vegna þjónustu í þágu farsældar barna samkvæmt 21. gr. laganna.

1.8 Samskipti við Útlendingastofnun

Starfsmenn félagsþjónustunnar eiga í reglulegum samskiptum við Útlendingastofnun vegna málefna flóttafólks, þ.e. vegna dvalarleyfis, fjölskyldusameiningar o.fl.

1.9 Þjónustuver Garðabæjar

Samhliða aukinni fjölgun flóttafólks (og annarra innflytjenda) hefur samsetning þeirra sem leita aðstoðar og þjónustu starfsmanna þjónustuvers Garðabæjar breyst hratt. Tungumálaörðugleikar, skortur á þekkingu einstaklinga á réttindum og grunnþjónustu og þ.a.l. bjargarleysi hefur valdið auknu álagi í þjónustuveri Garðabæjar.

2. Umfangsmat á skólaþjónustu við flóttabörn

Líkt og áður hefur komið fram þarf sérstaklega að huga að þörfum flóttabarna innan skólakerfisins og sérstakri aðstoð við þau en mörg barnanna hafa misst mikið úr skólagöngu, sum hafa aldrei gengið í skóla, eru ólæs og óskrifandi við upphaf skólagöngu, hafa upplifað áföll og eru að kljást við margþætta erfiðleika.

2.1 Grunnskólar í Garðabæ

Móttökuáætlun: Í 16. gr. grunnskólalaga er sérstaklega kveðið á um að grunnskólar skuli fylgja móttökuáætlun vegna nemenda með annað tungumál en íslensku sem taka skuli mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni og færni á öðrum námssviðum. Tryggja skal að þessir nemendur og foreldrar þeirra fái ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um grunnskólastarf. Grunnskólar Garðabæjar og félagsþjónustan hafa veitt foreldrum flóttabarnanna ráðgjöf og upplýsingar um grunnskólastarf í Garðabæ.

Íslenskukennsla: Nemendur með annað móðurmál en íslensku eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli í grunnskólum. Flóttabörninn sækja öll kennslu í íslensku.

Nemendur með sérþarfir: Samkvæmt 17. gr. grunnskólalaga eiga nemendur rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar, án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis. Nemendur sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir. Telji foreldrar barns, skólastjórar, kennarar eða aðrir sérfræðingar að það fái ekki notið kennslu við sitt hæfi í almennum grunnskóla geta foreldrar sótt um skólavist fyrir barnið í sérúrræði innan grunnskóla eða í sérskóla. Nokkur flóttabarnanna glíma við örðugleika og þarfnast sérstaks stuðnings í námi og félagslega. Mörg barnanna hófu skólagöngu í lok ágúst og því er ekki komin nákvæm mynd á stöðu þeirra og þarfir. Eitt barnanna er fatlaður einstaklingur með ríkar stuðningsþarfir og gengur í sérskóla.

2.2 Leikskólar í Garðabæ

Börn sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, að mati viðurkenndra greiningaraðila, eiga rétt á slíkri þjónustu innan leikskólans, skv. 22. gr. laga um leikskóla. Í leikskólum í Garðabæ er unnið samkvæmt hæfnirömmum í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla sem gefnir voru út í mars 2021 af Menntamálastofnun. Verið er að leggja mat á þörf flóttabarnanna fyrir sérfræðiþjónustu, en nú þegar er ljóst að nokkur barnanna þarfnast þjónustu, m.a. aðstoð talmeinafræðings.

2.3 Fræðsla fyrir starfsmenn grunnskóla og leikskóla í Garðabæ

Mikilvægt er að fræða starfsmenn grunnskóla og leikskóla um þarfir og reynslu flóttabarna og hefur verkefnastjóri á fjölskyldusviði lagt til við leikskólafulltrúa og grunnskólafulltrúa að boðið verði upp á sérstakt fræðsluerindi fyrir starfsmenn skólanna.

3. Hvernig mætir ríkið nú þegar kostnaði vegna þjónustu við flóttafólk

3.1 Endurgreiðsla fjárhagsaðstoðar skv. 15. gr. félagsþjónustulaga

Ríkissjóður endurgreiðir sveitarfélagi útlagðan kostnað vegna fjárhagsaðstoðar (almennrar og sérstakrar fjárhagsaðstoðar) fyrstu tvö árin sem flóttamaður hefur skráð lögheimili í landinu skv. 2. mgr. 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Sveitarfélagið þarf að halda utan um allan kostnað og sækir um endurgreiðslu á útlögðum kostnaði. Starfsmenn félagsþjónustu og fulltrúi í bókhaldi halda utan um kostnað og endurgreiðslu.

3.2 Íslenskukennsla fyrir fullorðið flóttafólk greidd af VMST

Vinnumálastofnun greiðir fyrir íslenskukennslu flóttafólks. Forsenda þess að flóttafólk fái fría íslenskukennslu er að Vinnumálastofnun hafi borist tilvísun frá félagsráðgjafa viðkomandi.

3.3 Íslenskukennsla í grunnskólum - greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga

Í 5. gr. reglugerðar um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla er tekið fram að önnur sveitarfélög en Reykjavíkurborg skulu fá framlög vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku á grunnskólastigi, þar sem um slíka fræðslu er að ræða. Grunnskólafulltrúi og fulltrúi félagsþjónustu taka saman upplýsingar og sækja um framlög.

3.4 Tómsundastyrkur frá mennta- og barnamálaráðuneyti

Mennta- og barnamálaráðuneytið veitti sveitarfélögum tímabundinn fjárhagslegan stuðning til sveitarfélaga til að styðja við móttöku, undirbúning á skólastarfi og virka þátttöku flóttabarna. Stuðningnum var ætlað að styðja við náms- og félagsleg úrræði sveitarfélaga fram að skólabyrjun haustið 2022. Verkefnastjóri flóttamannamála lagði fram tvær umsóknir, f.h. Garðabæjar í samræmi við úthlutunarreglur ráðuneytisins. Þann 5. júlí samþykkti ráðuneytið að veita Garðabæ 3.300.000 kr. styrk til verkefnisins og þann 6. september samþykkti ráðuneytið að veita Garðabæ 3.700.000 kr. styrk til verkefnisins. Verkefnastjóri flóttamannamála hefur haldið utan um styrkinn, skráði flóttabörnin í tómsundir og átti í samskiptum við félög og samtök. Verkefnastjóri gerði samkomulag við Klifið - skapandi setur, og fól þeim m.a. að skipuleggja vikulega viðburði í júlí og ágúst, halda íslenskunámskeið og leggja drög að greinargerð til mennta- og barnamálaráðherra vegna styrkveitingarinnar. Greinargerðinni skal skila til ráðuneytis fyrir 1. nóvember nk.

4. Ávinningur og áskoranir samnings um samræmda móttöku við flóttafólk

Samningur um samræmda móttöku flóttafólks tekur til þjónustu móttökusveitarfélags vegna samræmdrar móttöku hópsins samkvæmt kröfulýsingu sem félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hefur

gefið út og er fylgiskjal með samningnum. Þjónusta vegna móttöku flóttafólks samkvæmt kröfulýsingu samningsins kemur til viðbótar rétti flóttafólks til félagsþjónustu samkvæmt gildandi lögum.

Samningurinn um samræmda móttöku flóttafólks byggir á reynslu og framkvæmd Norðurlandanna. Norðurlöndin hafa öll, að Íslandi undanskildu, sett sér einhverskonar aðlögunarlög um móttöku flóttafólks. Þrátt fyrir að kerfið í öllum löndunum byggist á svipaðri hugmyndafræði er framkvæmdin nokkuð ólík, en móttaka flóttafólks er ýmist skyldubundin eða grundvallast á samkomulagi. Í öllum löndunum er möguleiki fyrir flóttafólk að fá sértæka aðstoð til að aðlagast nýju samfélagi en mismunandi er milli landa hvernig sú aðstoð er útfærð.

4.1 Ávinningur samnings

4.1.1 Ábyrgð félags- og vinnumálaráðuneytis er skilgreind í samningnum

Ráðuneytið ber ábyrgð á að veita fjármagni til móttökuverkefnisins (skv. reiknireglu), greiðir fyrir stoðþjónustu hjá Fjölmenningssetri og Vinnumálastofnun, skipar samstarfs- og samhæfingarnefnd, annast eftirlit og úttektir, veitir fjármagni til þróunarverkefna sem tengjast verkefninu, skipuleggur í samstarfi við Fjölmenningssetur tvo starfsdaga árlega vegna fræðslu og endurmenntunar málstjóra.

4.1.2 Þjónustan er fastmótuð og samræmd milli sveitarfélaga, sbr. kröfulýsingu með samningi

Markmið samningsins er að samræma móttöku flóttafólks þannig að ríki og sveitarfélög tryggi flóttafólki samfellda og jafna þjónustu óháð því hvaðan það kemur. Með samræmdu móttökukerfi flóttafólks er stefnt að því markmiði að tryggja flóttafólki nauðsynlega aðstoð til að vinna úr áföllum og að það fái tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu, hvort sem það er á vinnumarkaði, vegna menntunar eða á öðrum sviðum. Í kröfulýsingu með samningunum eru settar fram tilteknar lágmarkskröfur sem félags- og vinnumarkaðsráðuneytið gerir til sveitarfélaga sem taka þátt í samræmdri móttöku flóttafólks. Sveitarfélag skal tryggja eftirfarandi þjónustu sem felst í auknum stuðningi og ráðgjöf, umfram lögbundna þjónustu:

- Tryggja einstaklingi/fjölskyldu húsnæði innan 8 vikna frá boði um búsetu
 - Á almennum markaði eða í félagslegu húsnæði
- Útvega innbú
- Tryggja túlkþjónustu
- Veita ráðgjöf og þjónustu í samræmi við kröfulýsingu
 - Sveitarfélagið skal að lágmarki veita notanda þjónustu skv. samningnum annan hvern mánuð, svo sem í formi viðtals eða virkniúrræðis
- Boða einstakling í fyrsta viðtal þar sem lagt er grunnmat á þarfir
- Vinna stuðningsáætlun í samstarfi við hlutaðeigandi aðila
- Taka tillit til fjölskylduaðstæðna og gera sérstakar ráðstafanir vegna barna
- Leiðbeina einstaklingum við umsóknarferli vegna fjölskyldusameiningar
- Tilkynna Fjölmenningssetri um breytingu á lögheimili viðkomandi

4.1.3 Umframbjónusta við flóttafólk er greidd af ríkissjóði

Samningur um samræmda móttöku gerir einungis ráð fyrir greiðslum til sveitarfélaga vegna þeirrar þjónustu sem sveitarfélagið veitir viðkomandi vegna sérstöðu hans sem flóttamaður. Öll fyrrnefnd grunnþjónusta er eftir sem áður á ábyrgð og kostnað sveitarfélagsins. Greiðslur, ráðuneytis til sveitarfélagsins fyrir verkefnið eru skv. kröfulýsingu (aðrar en endurgreiðslur skv. 15. gr. félagsþjónustulaga):

- A) Vegna stuðnings, aðstoðar og ráðgjafar til notanda af hálfu félagsþjónustu þjónustusala. Greiðslurnar byggja á kostnaðarlíkani ráðuneytisins sem greinir umfang þessara þjónustupátta í málum er falla undir samninginn. Umfang mála er umreiknað til stöðugilda innan félagsþjónustunnar. Auk launa er gert ráð fyrir launatengdum gjöldum, orlofi og stjórnunarkostnaði. Miðað er við kjarasamninga FÍ við SNR, launaflokkur 14, þrep 4. Þá er gert ráð fyrir 25% í launatengd gjöld, 0,8% í fræðslu, 12% í orlof og 8% í stjórnunarkostnað, samtals 45,8%.

- a. Félagsráðgjöf (til viðbótar við lögbundna þjónustu)
i. Viðtöl, virkniúrræði, undirbúningur og frágangur viðtals
b. Sérstök umsýsla:

Sérstök umsýsla: Sundurliðun og tímaáætlun gerð árið 2020 með félagsráðgjöfum						
Sérstök umsýsla er til viðbótar við viðtöl hjá félagsráðgjafa						
Hvenær framkv.	Sérstök umsýsla umfram viðtöl		Alþjóðleg vernd		Kvótaflóttafólk	
Mán. 1	Mán. 2-24	Sundurliðun	Ábyrgð	Framkv. aðili	Ábyrgð	Framkv. aðili
4-10 kst.		Undirbúningur fyrir móttöku	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri
4,0		Heilbrigðisskoðun			Málastjóri	Málastjóri
	1,0	Útvega sálfræðiþjónusta			Málastjóri	Málastjóri
0,5	0,5	Skrá á íslenskunámskeið/samfélagsfræðslu	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri
0,5	0,5	Skrá á heilsugæslu	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri
0,5	0,5	Sækja um húsnæðisbætur	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri
0,5	0,5	Sækja um sérstakan húsnæðisstuðning	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri
0,5	0,5	Tengja við vinnumálastofnun	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri
3,0		Skrá hjá útlendingastofnun og sækja dvaraleyfsskírteini			Málastjóri	Stuðningur
1,5		Útvega bankareikning			Málastjóri	Stuðningur
2,0	2,0	Fara með til tannlæknis	Málastjóri	Stuðningur	Málastjóri	Stuðningur
2,0		Fara með í sjónskoðun			Málastjóri	Stuðningur
0,5		Tryggja að sé hiti/rafmagn og internet			Málastjóri	Stuðningur
0,5		Útvega símakort			Málastjóri	Stuðningur
0,5		Útvega strætókort			Málastjóri	Stuðningur
2,0		Útvega rafræn skilríki/Íslykil og þjónusta	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri
2,0		Fylgja eftir í sértæka heilbrigðisþjónustu eftir þörfum			Málastjóri	Stuðningur
			Frá	15,0	Frá	30,0
			Til	19,0	Til	36,0

Hvenær framkv.	Sérstök umsýsla vegna barna umfram viðtöl		Alþjóðleg vernd		Kvótaflóttafólk	
Mán. 1	Mán. 2-24	Sundurliðun	Ábyrgð	Framkv. aðili	Ábyrgð	Framkv. aðili
1,0		Undirbúningur fyrir móttöku	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri
1,0		Heilbrigðisskoðun			Málastjóri	Málastjóri
0,5		Skrá börn í leikskóla/grunnskóla	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri
0,5		Gera samning um sérkennslu/móðurmálkennslu	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri
1,0		Skrá í frístundir	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri
3,0		Samráðsfundur með leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri
2,0		Útvega grunnpakka fyrir skólann, skólatöskur, pennaveski, íþróttaföt			Málastjóri	Stuðningur
			Samtals	6,0	Samtals	9,0

- c. Húsnæði:

Hvenær framkv.	Að finna húsnæði og standsetja		Alþjóðleg vernd		Kvótaflóttafólk	
Mán. 1	Mán. 2-24	Sundurliðun	Ábyrgð	Framkv. aðili	Ábyrgð	Framkv. aðili
18,0		Útvega húsnæði áður en þau koma og húsbúnað	Málastjóri	Stuðningur	Málastjóri	Stuðningur
3,0		Gera húsaleigusamninga og afhenda lykla	Málastjóri	Stuðningur	Málastjóri	Stuðningur
			Samtals	21,0	Samtals	21,0

- B) Vegna sérstaks húsnæðisstuðnings sem flóttafólk fær greiddan á samningstímanum, á grundvelli almennra reglna sem móttökusveitarfélagið setur skv. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga. Kostnaður vegna sérstaks húsnæðisstuðnings er endurgreiddur sveitarfélaginu fyrstu tólf mánuðina.

Félagsþjónustan í Garðabæ veitir flóttafólki nú þegar þjónustu og aðstoð sem fellur undir framangreinda umframþjónustu, án þess að fá sérstaklega greitt fyrir hana. Þjónustan hefur t.d. falist í að aðstoða fólk við skráningar á íslenskunámskeið, samfélagsfræðslu, umsóknir um ýmsar bætur og stuðning, koma á tengslum við ýmsar ríkisstofnanir, skráningar barna í leikskóla, skóla og frístund, sitja samráðsfundi með leikskólum og skólum, tryggja túlkþjónustu, veita umfangsmikla ráðgjöf, vinna virkniáætlanir, leiðbeina einstaklingum við umsóknarferli vegna fjölskyldusameiningar, aðstoð við læknisheimsóknir og kaup á strætókortum. Líkt og fram kemur í kafla 1.1 hér að framan þarfnast

flóttafólk umfangsmeiri og sérhæfðari félagslegrar ráðgjafar og þjónustu en aðrir íbúar, stöðu sinnar vegna, og hefur verið mikið álag á starfsmönnum félagsþjónustunnar við að veita þá þjónustu.

4.1.4 Fræðsla

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið tryggir starfsfólki móttökusveitarfélaga aðgengi að fræðslu og ráðgjöf er varðar sérstöðu flóttafólks og þjónustu við hópinn.

4.1.5 Fjármagn veitt til þróunarverkefna

Sveitarfélög sem eru aðilar að samningi um samræmda móttöku flóttafólks geta sótt um styrki úr þróunarsjóði samræmdrar móttöku flóttafólks. T.d. úthlutaði félags- og vinnumarkaðsráðherra tæplega 20 milljónum króna úr sjóðnum í maí sl. til fjögurra sveitarfélaga.

4.1.6 Þátttaka í samstarfs – og samhæfingarnefnd

Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir fjóra fulltrúa í samstarfs og samhæfingarnefnd f.h. þeirra sveitarfélaga sem taka á móti flóttafólki hverju sinni skv. samningi um samræmda móttöku. Í nefndinni eru einnig fulltrúar félags- og vinnumarkaðsráðuneytis, mennta- og barnamálaráðuneytis, Fjölmenningsseturs, Rauða krossins og Vinnumálastofnunar. Hlutverk nefndarinnar er m.a. að brúa bil milli stjórnsýslustiga, stofnana, hafa yfirsýn yfir málaflokkinn, vera vettvangur til að deila reynslu og þekkingu, tryggja samræmi og samhæfingu við móttöku og aðstoð við flóttafólk.

4.1.7 Möguleiki á samstarfi við önnur sveitarfélög

Fleiri en eitt sveitarfélag geta unnið saman að gerð þjónustusamnings.

4.1.8 Endurskoðun og uppsögn samnings

Hvor samningsaðili um sig getur óskað eftir endurskoðun á samningi um samræmda móttöku hvenær sem er á gildistíma hans. Þó skal endurskoða samninginn þegar ár er eftir af samningstímanum frá undirritun hans. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur samnings um samræmda móttöku flóttafólks eru þrír mánuðir.

4.1.9 Betri yfirsýn ríkis og sveitarfélaga

Taki sveitarfélag þátt í samræmdri móttöku flóttafólks ber sveitarfélaginu að standa skil á ársskýrslu til félags- og vinnumarkaðsráðuneytis sem jafnframt hefur eftirlit með þjónustu sveitarfélagsins við flóttafólk m.a. í formi úttekta.

4.1.10 Farsælli aðlögun

Geta til að veita umframbjónustu og stuðning við flóttafólk felur í sér farsælli aðlögun. Einstaklingarnir fá aðstoð við að verða virkari þátttakendur í samfélaginu sem er til þess fallið að fyrirbyggja félagsleg vandamál til framtíðar.

4.2. Áskoranir

4.2.1 Álag og kostnaður fyrir skólakerfið og barnavernd sveitarfélaga

Sá hluti samningsins um samræmda móttöku sem snýr að veitingu fjármuna til að styðja við skóla og barnavernd sveitarfélaga er taka á móti flóttabörnum er enn ekki tilbúinn og ekki liggur fyrir hvenær sá hluti verður kynntur. Ljóst er að móttaka flóttabarna eykur álag og er kostnaðarsamt fyrir skólakerfið og barnavernd sveitarfélaganna.

4.2.2 Ekki gert ráð fyrir sérstökum greiðslum til sveitarfélags vegna móttöku fatlaðs flóttafólks eða eldri borgara

Samkvæmt samningnum er sveitarfélögum ekki greitt sérstaklega fyrir móttöku fatlaðs flóttafólks eða eldri borgara. Þjónusta við þá hópa er alla jafna verulega umfangsmikil.

4.2.3 Sveitarfélag skal útvega húsnæði

Samkvæmt samningi um samræmda móttöku skal sveitarfélag tryggja að flóttafólki standi til boða húsnæði til leigu, hvort sem það er á almennum markaði eða félagslegt húsnæði, að jafnaði innan átta vikna frá því að einstaklingur hefur þegið boð sveitarfélagsins um móttöku. Á móttökusveitarfélaginu hvílir skylda til að útvega flóttafólk húsnæði til leigu meðan á samræmdri móttökupjónustu stendur, þ.e. yfir allt að þrjú ár.

Ljóst er að Garðabæ sem og öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu mun reynast áskorun að uppfylla framangreint skilyrði samningsins. Eftirspurn eftir leiguíbúðum á almennum markaði hefur verið umfram framboð í Garðabæ og leiguverð almennt hátt og þ.a.l. illviðráðanlegt fyrir tekjulága einstaklinga. Garðabær hefur leitast við að fjölga félagslegum leiguíbúðum sem það hefur til umráða en allar eru í útleigu og biðlisti er eftir slíku úrræði.

Ekki er útilokað að hægt sé að semja um þennan þátt. Reykjavíkurborg fékk t.a.m. veitta undanþágu og sá um að útvega húsnæði eingöngu fyrir fjölskyldur með börn, en tryggði öðrum umfangsmikla húsnæðisráðgjöf (https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/mannrettindarad_-_270121_vel.pdf).

4.2.4 Sveitarfélag skal útvega innbú

Samkvæmt samningi um samræmda móttöku skal móttökusveitarfélag undirbúa íbúðir og útvega innbú fyrir flóttafólk samkvæmt lista frá þjónustukaupa. Slík vinna er umfangsmikil og krefst aðkomu starfsmanna þjónustumiðstöðvar Garðabæjar.

4.2.5 Krafa gerð um umfangsmiklar skráningar

Taki sveitarfélag þátt í samræmdri móttöku flóttafólks ber sveitarfélaginu að standa skil á ársskýrslu til félags- og vinnumarkaðsráðuneytis. Forsenda fyrir greiðslum frá ráðuneytinu er gerð einstaklingsáætlana. Skráningarnar eru umfangsmiklar og tímafrekar.

4.2.6 Óvissa um afturvirkar greiðslur

Meginhluti flóttafólksins sem flutti í Garðabæ á vormánuðum 2022 eru ríkisborgarar Úkraínu. Þeim var flestum veitt dvalarleyfi á grundvelli mannúðarástæðna skömmu eftir flóttann til Íslands og fengu því nánast strax félagsþjónustu hjá sveitarfélaginu. Þar sem málsmeðferðin tók svo skamman tíma hafði engin aðlögun átt sér stað. Einstaklingarnir hafa þ.a.l. þarfnast gríðarlega mikillar þjónustu og aðstoðar. Óvíst er hvort að Garðabær fái kostnaðinn við þjónustuna greiddan afturvirkt frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu. Réttast væri að kostnaðurinn yrði greiddur afturvirkt þar sem Garðabær hafði lýst því opinberlega yfir að vilji væri til þátttöku í samstarfi við félagsmálaráðuneytið vegna móttöku flóttafólks frá Úkraínu.

4.2.7 Vandmeðfarið að leggja mat á hvort fjármagn frá ráðuneyti muni mæta kostnaði við umframpjónustu

Vandmeðfarið er að leggja mat á hvort það fjármagn sem félags- og vinnumarkaðsráðuneytið leggur til móttökuverkefnisins (skv. reiknireglu) komi til með að mæta þeim kostnaði sem hlýst af þjónustu við flóttafólk, þar sem ekki er komin reynsla á reiknilíkan samningsins. Kostnaðarlíkani hefur verið breytt

frá fyrra líkani sem útgefið var í mars 2020. Meðal annars voru gerðar breytingar á launatengdum gjöldum, tekið var tillit til styttingu vinnuvikunnar og fjármagn miðast við fjölda barna í stað greiðslu fyrir börn, óháð fjölda þeirra, eins og áður var.

Líkt og áður hefur verið rakið liggur fyrir að félagsþjónustan í Garðabæ hefur þurft að veita flóttafólki þjónustu og aðstoð sem fellur undir umframbjónustu samkvæmt samningi um samræmda móttöku, án þess að fá sérstaklega greitt fyrir hana.

4.2.8 Kostnaðarlíkan

Samkvæmt kostnaðarlíkani sem fylgir samningi um samræmda móttöku flóttafólks er þjónustu við flóttafólk skipt upp í tvo megin hópa, annars vegar aðstoð við flóttafólk sem komið hefur til landsins og leitað eftir alþjóðlegri vernd, dvalið hér á landi á meðan á málsmeðferðinni stendur og ýmist fengið veitta alþjóðlega vernd eða mannúðarleyfi, svo hins vegar kvótaflóttafólk. Í kostnaðarlíkaninu segir að það hafi sýnt sig að það fólk sem er þegar komið til landsins hafi ákveðið forskot og sé komið lengra en kvótaflóttafólk og því þótti ástæða til að aðgreina þetta tvennt.

Í mars sl. virkjaði dómsmálaráðherra 44. gr. útlendingalaga vegna fjöldaflóttu í kjölfar innrásar Rússlands í Úkraínu. Í því felst að leggi ríkisborgari Úkraínu fram umsókn um alþjóðlega vernd, þá er viðkomandi veitt vernd á grundvelli hópmarks, þ.e. veitt svokölluð *sameiginleg vernd*. Ríkisborgurum Úkraínu hefur þ.a.l. verið veitt dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða samhliða framlagningu umsóknar. Því má færa rök fyrir að þjónustubörf ríkisborgara Úkraínu sé jafn umfangsmikil og í tilfelli kvótaflóttafólks.

5. Umfang þjónustu við flóttafólk hjá Garðabæ.

Þjónusta við þá 99 flóttamenn sem flutt hafa í Garðabæ á árunum 2019-2022 er að mestu leyti á herðum tveggja starfsmanna félagsþjónustunnar. Fimmtán fullorðnir einstaklingar og fjögur flóttabörn voru í þjónustu (félagsleg ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, félagslegt húsnæði, samskipti við skóla vegna barna) hjá félagsráðgjafa fjölskyldusviðs í ágúst mánuði. Sá félagsráðgjafi ber jafnframt ábyrgð á og sér um alla fjárhagsaðstoð við aðra íbúa bæjarins, alla félagslega ráðgjöf við aðra íbúa bæjarins og úthlutun félagslegs húsnæðis. Í ágúst mánuði voru 37 fullorðnir einstaklingar og 34 flóttabörn, að meginhluta ríkisborgarar Úkraínu, í þjónustu hjá verkefnastjóra í málefnum flóttafólks (t.a.m. umfangsmikilli félagslegri ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, stuðningsþjónustu, samskipti við skóla vegna barna). Verkefnastjóri ber jafn framt ábyrgð á verkefninu í heild, er tengiliður milli allra þjónustuaðila og samhæfir þjónustu við einstaklingana, ber ábyrgð á ráðstöfun fjármuna, hefur yfirsýn yfir verkefnið, útbýr verkferla og minnisblöð, fylgist með stefnum og straumum í málaflokknum og svarar fyrirspurnum er varða flóttamannamál. Verkefnastjóri er tengiliður við ýmsa aðila og á í reglubundnu samtali við félags- og vinnumarkaðsráðuneyti, mennta- og barnamálaráðuneyti, Fjölmenningarsetur, Vinnumálastofnun, Útlendingastofnun, Rauða krossinn og aðra þá sem hlutast til um málefni flóttafólks. Í sumar sótti verkefnastjóri í tvígang um styrk vegna tómstundaúrræða flóttamanna, ráðstafaði styrknum, skráði börnin í tómstundir, átti í samskiptum við íþróttafélög og önnur félög, gerði samkomulag við Klifið um að sjá um reglulega viðburði og íslenskunámskeið og kemur til með að skrifa greinargerð til mennta- og barnamálaráðuneytis um ráðstöfun styrksins. Verkefnastjóri hefur kynnt sér samning um samræmda móttöku vel.

Samkvæmt málavog í félagsþjónustu sem verið er að þróa í samvinnu félagsráðgjafafélags Íslands, Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga er talið raunhæft að ráðgjafi í 100% starfi, með -3-5 ára starfsreynslu, geti sinnt málstjórahlutverki grunnþjónustu fyrir 17-18 flóttamenn. Er þá ekki miðað við mál flóttamanna sem telja má einstaklega þung, svo sem vegna fötlunar, geðræns vanda eða nauðsyn fyrir afskipti barnaverndar. Ef starfsmaður þjónustar að meðaltali 17-18 einstaklinga má gera

ráð fyrir að það þurfi þrjá starfsmenn þurfi til að sinna málstjórn vegna þjónustu við 52 fullorðna flóttamenn. Þá er félagsleg grunnþjónusta við börn undanskilin. Málavog í félagsþjónustu er í notkun hjá nokkrum sveitarfélögum og byggir á málavog barnaverndarþjónustu, sem vísað er til í framkvæmdaáætlun félags- og barnamálaráðherra á sviði barnaverndar 2019-2022.

Samkvæmt reiknilíkani samnings um samræmda móttöku flóttafólks kallar fjöldi flóttafólks í Garðabæ í ágúst mánuði á 1,33 stöðugildi vegna umframþjónustu við 27 einstaklinga, 3 hjón og 38 börn skv. samningnum.

Garðabæ ber skylda til að sinna lögbundinni grunnþjónustu og umframþjónustu samkvæmt samningi um samræmda móttöku og mikilvægt er að fram fari raunhæft mat á umfangi þeirrar þjónustu hjá fjölskyldusviði Garðabæjar.

6. Niðurstaða

Þrátt fyrir óvissu með ýmsa þætti er varða samning um samræmda móttöku liggur fyrir að nú þegar er mikill fjöldi flóttafólks búsettur í sveitarfélaginu sem þarfnast umtalsverðrar þjónustu. Yfirgnæfandi líkur eru á að fjöldi flóttafólks í landinu og í sveitarfélaginu fari vaxandi á næstu misserum ef tekið er mið af þeirri tölfræði sem fyrir liggur m.a. hjá Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna og Útlendingastofnun. Jafnframt liggur fyrir að þann 16. september hækkaði embætti ríkislögreglustjóra viðbúnaðarstig á landamærum á hættustig vegna yfirálags, en embættið reiknar með að umsækjendum um alþjóðlega vernd muni fjölga hlutfallslega meira á síðustu mánuðum árs. Verði ekki gengið til samninga um samræmda móttöku fæst ekki fjárframlag frá ríkinu fyrir þá umframþjónustu sem þegar hefur þurft að veita flóttafólki í sveitarfélaginu og fyrir séð er að verði viðvarandi. Þá fengist heldur ekki endurgreiðsla á útlögðum kostnaði vegna sérstaks húsnæðisstuðning til flóttafólks. Sveitarfélagið tæki á sig umtalsverðar skyldur ef gengið yrði til samnings en með því fengist einnig samræming í þjónustu við hópinn sem myndi leiða til skýrari þjónustuviðmiða og verkferla í þjónustu við flóttafólk. Ávinningur þess yrðu auknar líkur á virkari þjóðfélagsþegnum og farsælli aðlögun að íslensku samfélagi. Afleiðingar þess að veita flóttafólki einungis lágmarksþjónustu gætu verið jaðarsetning og félagslegur vandi.

- Taka þarf afstöðu til hvort ganga skuli til samnings um samræmda móttöku
- Mikið álag hefur skapast á grunnþjónustu Garðabæjar vegna mikillar fjölgunar flóttafólks í sveitarfélaginu á undanförunum mánuðum
- Vandmeðfarið er að leggja mat á hvort fjármagn frá ráðuneyti muni mæta kostnaði við umframþjónustu þar sem ekki er komin reynsla á reiknilíkan samningsins
- Huga þarf að framtíðarsýn hvað málaflokkinn varðar og fyrirbyggja félagslegan vanda

Virðingarfyllt,

Guðrún Jónsdóttir